



Reykjavík 15. apríl 2021

## Niðurstaða athugunar á stjórnarháttum hjá Lífeyrissjóði verzlunarmanna

Í september 2020 hóf fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (Seðlabankinn) athugun á stjórnarháttum Lífeyrissjóðs verzlunarmanna vegna álitamála sem komu upp í tengslum við undirbúning ákvörðunar stjórnar sjóðsins um hvort hann tæki þátt í hlutafjárútboði Icelandair Group hf.

Seðlabankinn athugaði hvort stjórn lífeyrissjóðsins hefði gætt að því með fullnægjandi hætti að meta hæfi einstakra stjórnarmanna við undirbúning og ákvörðun um hvort sjóðurinn tæki þátt í hlutafjárútboðinu í samræmi við kröfur laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Seðlabankinn aflaði m.a. upplýsinga og gagna um ákvörðunarferli stjórnar sjóðsins vegna útboðsins og átti fundi með stjórnarmönnum sjóðsins þar sem farið var yfir sömu málefni.

Athugininni er nú lokið og er niðurstaða Seðlabankans sú að stjórn lífeyrissjóðsins hafi ekki gætt að því að meta hæfi einstakra stjórnarmanna við undirbúning og ákvörðun um hvort sjóðurinn tæki þátt í hlutafjárútboði Icelandair Group hf., sbr. 9. mgr. 31. gr. og 1. mgr. 29. gr. laga nr. 129/1997 og 1. og 2. mgr. 4. gr. og 5. gr. laga nr. 37/1993. Seðlabankinn fór fram á að stjórn lífeyrissjóðsins myndi framvegis tryggja að fullnægjandi umræða færi fram á stjórnarfundum um hæfi stjórnarmanna þegar tilefni væri til þess, sbr. 4. mgr. 44. gr. laga nr. 129/1997, og að stjórnarmönnum sé tryggður kostur á að koma á framfæri upplýsingum sem varða hæfi þeirra í tengslum við þau mál sem eru til umræðu, eftir því sem tilefni er til hverju sinni.

Þá taldi Seðlabankinn að upplýsingagjöf sjóðsins til bankans vegna athugunarinnar á stjórnarháttum sjóðsins hafi verið ábótavant og misvísandi sem m.a. tafði afgreiðslu málsins.

Seðlabankinn mun fylgjast með því að nauðsynlegar úrbætur verði gerðar.